

**Samningur um Evrópska  
efnahagssvæðið**

**Sameiginlega EES-nefndin**

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**

**nr. 36/97  
frá 29. maí 1997**

um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál)  
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

XX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 47/96 frá 23. júlí 1996<sup>(1)</sup>.

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 96/511/EB frá 29. júlí 1996 um spurningalista sem snerta tilskipanir ráðsins 80/779/EBE, 82/884/EBE, 84/360/EBE og 85/203/EBE<sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður komi aftan við lið 2aa (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/741/EB) í XX. viðauka við samninginn:

„2ab. 396 D 0511: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 96/511/EB frá 29. júlí 1996 um spurningalista sem snerta tilskipanir ráðsins 80/779/EBE, 82/884/EBE, 84/360/EBE og 85/203/EBE (Stjtið. EB nr. L 213, 22. 8. 1996, bls. 16).“.

---

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. L 291, 14. 11. 1996, bls. 41 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 51, 14. 11. 1996, bls. 82.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB nr. L 213, 22. 8. 1996, bls. 16.

2. gr.

Fullgiltur texti ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 96/511/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. júní 1997, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 29. maí 1997.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar  
Formaður

C. Day

Ritarar  
sameiginlegu EES-nefndarinnar

G. Vik

E. Gerner